

FRÁSÖGN

af fjarfundi stjórnarnefndar Evrópuráðsþingsins 22.–23. október 2020.

Vegna heimsfaraldurs kórónuveiru var ákveðið að halda stjórnarnefndarfund með fjarfundarbúnaði í stað hefðbundins þingfundar sem áætlaður var í vikunni 12.–16. október. Fyrri hluti fundarins fór fram 12.–13. október. Öllum þingmönnum Evrópuráðsþingsins bauðst að taka þátt í umræðum á fundinum en aðeins meðlimir stjórnarnefndar höfðu atkvæðisrétt. Af hálfu Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins tóku þátt í fundinum Rósa Björk Brynjólfsdóttir formaður, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir varaformaður, og Bylgja Árnadóttir alþjóðaritari. Á dagskrá var gervigreind, réttindi og öryggi lögfræðinga og aðgerðir gegn stjórnarandstöðu í Tyrklandi.

Stjórnarnefnd tók til umfjöllunar sjö skýrslur um notkun gervigreindar og áhrif hennar á málefna svið Evrópuráðsins. Í tilmælum til ráðherranefndarinnar um notkun gervigreindar í heilbrigðisþjónustu kallaði þingið eftir því að gerður yrði sáttmáli um notkun gervigreindar með virðingu fyrir mannréttindum. Í slíkum sáttmála yrði kveðið á um meðhöndlun trúnaðargagna, gagnaöryggi, friðhelgi einkalífs, upplýst samþykki og ábyrgð. Í ályktun og tilmælum um regluverk um sjálfkeyrandi bifreiðar vakti þingið athygli á áhrifum tækniþróunar á þessu sviði á refsilöggjöf og mannréttindi. Í ályktun og tilmælum um þróun taugataekni ítrekaði þingið gagnsemi hennar í læknisfræði. Hins vegar þyrfti að standa vörð um mannréttindi og jafnrétti. Í ályktun og tilmælum um áhrif gervigreindar á vinnumarkað voru aðildarríki Evrópuráðsins hvött til að búa sig undir tækniþróunina með því að vinna gegn misrétti og auka sveigjanleika á vinnumarkaði. Í ályktun og tilmælum um mismunun í gervigreind var bent á hættuna á auknu misrétti í kjölfar tækniþróunar. Aðildarríki voru hvött til að setja lög um kerfi sem byggjast á gervigreind og skuldbinda sig þannig til að stuðla að jafnrétti. Í ályktun og tilmælum um notkun gervigreindar í dómsskerfinu var bent á hættuna við notkun hennar innan löggæslu, meðal saksóknara og dómstóla. Reiknirit geti verið hlutdræg og orðið til þess að skerða mannréttindi, sérstaklega ef þau byggist á sögulegri og félagslegri mismunun. Að lokum var í tilmælum og ályktun um lýðræðislega stjórnun á gervigreind lagt til að komið yrði á alþjóðlegum sáttmála um gervigreind sem byggist á virðingu fyrir mannréttindum, lýðræði og réttarríkinu. Í ályktuninni kom fram að gervigreind gæti stuðlað að efnahagslegri og félagslegri framþróun og aukinni lýðræðisþátttöku en gæti einnig verið notuð til að vinna gegn lýðræðinu með því að hafa afskipti af kosningum eða sveigja almenningssálit.

Stjórnarnefnd hélt sérstaka umræðu um aðgerðir stjórnvalda í Tyrklandi gegn stjórnarandstöðu og samþykkti ályktun um málið. Í ályktuninni fordæmdi þingið nýjar aðgerðir gegn stjórnarandstöðu og mótmælendum í landinu. Bent var á að rannsakendur og saksóknarar beindu sjónum sínum að núverandi og fyrrverandi þingmönnum, fulltrúum í sveitarstjórnnum, meðlimum stjórnarandstöðuflokka og lögfræðingum. Auk þess væru fjölmiðlar og fulltrúar frjálsra félagasamtaka beittir þrýstingi. Þingið kallaði á að tyrknesk stjórnvöld stigju ákveðin skref í átt að því að virða mannréttindi, lýðræði og réttarríkið.

Þingið samþykkti einnig ályktun og tilmæli um vernd og öryggi lögfræðinga. Þingið lýsti áhyggjum sínum af árásum á lögfræðinga og brotum á réttindum þeirra. Bent var á að lögfræðingar í Evrópuráðsríkjum sættu aðkasti vegna vinnu sinnar við mannréttindamál eða þegar þeir töluðu gegn stjórnvöldum eða spillingu. Í tilmælum til ráðherranefndarinnar var kallað eftir sáttmála um öryggi lögfræðinga og vernd þeirra fyrir afskiptum stjórnvalda.

Miltiadis Varvitsiotis, aðstoðarutanríkisráðherra Grikklands og formaður ráðherranefndar Evrópuráðsins, svaraði spurningum þingmanna. Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu <https://pace.coe.int/en/>.